

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett að tillögu læknadeildar Háskóla Íslands, á grundvelli 41. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, sbr. 7. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2002-2003.

1. gr.

Fjöldatakmörkun í læknadeild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í læknisfræði takmarkast við töluna 48.

Um val nemenda í læknisfræði gilda reglur um val stúdenta til læknisnáms sem háskólaráð setti þann 26. mars 1992, sbr. ákvæði reglna nr. 885/2001 og 134/2002, og birtar eru sérstaklega.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í sjúkraþjálfun takmarkast við töluna 20.

Um val nemenda í sjúkraþjálfun gilda reglur um val stúdenta til náms í sjúkraþjálfunarskor sem háskólaráð setti þann 26. mars 1992 og birtar eru í kennsluskrá.

2. gr.

Fjöldatakmörkun í hjúkrunarfræðideild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í hjúkrunarfræði takmarkast við töluna 65.

Um val nemenda í hjúkrunarfræði gilda reglur sem háskólaráð setti þann 14. júní 2002, og birtar eru sérstaklega.

Fjöldi nemenda í ljósmóðurfræði takmarkast við töluna 10.

Um val nemenda í ljósmóðurfræði gilda reglur um val nemenda til náms í ljósmóðurfræði sem háskólaráð setti þann 5. október 1995 og birtar eru í kennsluskrá.

3. gr.

Fjöldatakmörkun í tannlæknadeild.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í tannlæknadeild takmarkast við töluna 6.

Um val nemenda gilda reglur tannlæknadeildar um samkeppnispróf sem birtar eru í kennsluskrá.

4. gr.

Fjöldatakmörkun í félagsvísindadeild.

Fjöldi nýrra nemenda í hagnýtri fjölmiðlun takmarkast við töluna 20.

Fjöldi nýrra nemenda í námsráðgjöf takmarkast við töluna 16.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsráðgjöf takmarkast við töluna 18.

Fjöldi nýrra nemenda í kennslufræði til kennsluréttinda takmarkast við töluna 50.

Fjöldi nýrra nemenda í cand. psych. námi takmarkast við töluna 12.

Val nemenda í ofangreindum greinum fer fram á grundvelli umsókna sem bárust félagsvísindadeild fyrir 1. apríl 2002. Umsóknir eru afgreiddar í samræmi við reglur félagsvísindadeildar sem birtar eru í kennsluskrá.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fengnum tillögum háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2002-2003.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

Nr. 500

2. júlí 2002

REGLUR

um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands er rannsóknar- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands.

Stofnunin heyrir undir háskólaráð, og er meðal annars vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði erfðafræði.

2. gr.

Hlutverk.

Hlutverk erfðafræðinefndar er:

- a. að efla erfðafræðilegar rannsóknir sem unnið er að við Háskóla Íslands,
- b. að reka gagnabanka Háskóla Íslands um ættfræði,
- c. að sinna þjónustuverkefnum á sviði ætt- og erfðafræði og
- d. að stuðla að sterkum tengslum innan og utan Háskólans við atvinnu- og þjóðlíf.

3. gr.

Aðstaða.

Um starfsaðstöðu nefndarinnar og starfsmanna hennar fer eftir ákvörðunum háskóla- yfirvalda og samningum sem gerðir eru um samstarf á fræðasviðum nefndarinnar við Landspítala — háskólasjúkrahús og aðila utan Háskólans.

Nefndin veitir starfslíði sínu skv. 7. gr. aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skipan nefndarinnar.

Háskólaráð skipar sjö menn til setu í erfðafræðinefnd til þriggja ára í senn. Einn nefndarmaður er skipaður skv. tilnefningu landlæknis, einn skv. tilnefningu hagstofustjóra og einn